

# Starfsáætlun leikskólans Kirkjugerði

## Skólaárið 2023-2024



Jákvæður agi, gleði og félagsfærni

Leikskólinn Kirkjugerði

Dalhrauni 1

900 Vestmannaeyjum.

## Efnisyfirlit

<b>Inngangur</b> .....	3
<b>1. Um leikskólann Kirkjugerði</b> .....	3
1.1 Hugmyndafræðilegar áherslur. ....	3
1.2 Samsetning starfsmannahópsins.....	4
1.3 Börn með sérstuðning .....	4
<b>2. Leiðarljós skólans</b> .....	5
<b>3. Skólaárið 2022-2023.</b> ....	6
<b>4. Starfsemi á næsta skólaári</b> .....	9
4.1 Skóladagatal. ....	9
4.2 Faglegar áherslur í leikskólastarfinu. ....	9
4.3 Samstarf við nærsamfélagið.....	10
4.4 Uppákomur í leikskólastarfinu.....	11
4.5 Foreldrasamstarf .....	11
<b>5. Matsáætlun skólaárið 2023-2024</b> .....	12
<b>6. Umbótaráætlun skólaárið 2023-2024</b> .....	17

## Inngangur

Markmið starfsáætlunar er að gera þróun í skólastarfi markvissari og sýna fram á að innra mat er umbótamiðað.

Starfsáætlun gerir kennurum, forráðamönnum og rekstraraðilum kleift að átta sig betur á starfi skólans, veitir þeim upplýsingar um starfsemina og innsýn í það hvernig faglegt starf gengur fyrir sig.

Í starfsáætluninni er meðal annars farið yfir ýmis praktísk atriði, hvernig faglega starfið gekk á síðastliðnu ári, hvernig unnið verður að umbótum á komandi skólaári og hvað er fram undan á næsta skólaári.

Foreldraráð gefur umsögn með starfsáætluninni sem síðan fer til samþykktar hjá fræðsluráði Vestmanneyja.

Umsögn foreldraráðs sem og skóladagatal er að finna aftast í áætluninni.

## 1. Um leikskólann Kirkjugerði

Leikskólinn Kirkjugerði var reistur 1974 fyrir gjafafé frá Hjálparstofnun kirkjunnar. Hann var upphaflega tveggja deilda leikskóli og árið 1976 var lítið hús reist á lóð leikskólans og nýtt sem ein deild. Árið 1991 var byrjað að byggja við leikskólann og árið 1994 hafði skólinn verið stækkaður um 563 fermetra. Árið 2018 var aftur byggt við Kirkjugerði og einni deild bætt við skólann, salur og kaffistofa starfsmanna voru stækkuð. Nýtt eldhús var byggt og í dag er Kirkjugerði fimm deilda leikskóli. Til stendur að bæta við einni deild í upphafi árs 2024. Verður sú deild staðsett norðanmegin á baklóð skólans og gert er ráð fyrir 20 börnum á þeirri deild. Því má gera ráð fyrir að Kirkjugerði verði 6 deilda skóli vorið 2024.

Starfsemi leikskólans hefur þróast í takt við breytingar og kröfur samfélagsins um faglegt leikskólastarf, lengd dvalartíma barna, námsumhverfi og öryggi þau 46 ár sem hann hefur verið starfræktur.

### 1.1 Hugmyndafræðilegar áherslur.

Í Kirkjugerði er unnið eftir leikskólastefnu í anda Hugsmíðahyggju en kjarni þeirrar stefnu er viðurkennandi samskipti, sjálfræði, lýðræðisleg vinnubrögð og jafnrétti.

Í Hugsmíðahyggjunni er lítið svo á að barnið sé virkur þátttakandi í eigin þekkingarleit. Barnið byggir upp sína eigin þekkingu, færni og viðhorf með því að setja fyrri reynslu í samhengi við það sem það upplifir hér og nú. Það leggur sína merkingu í hlutina og er sífellt að endurskoða skilning sinn á veröldinni. Börn hafa meðfædda tilhneigingu til þess að rannsaka umhverfi sitt, gera tilraunir og leika sér. Drifkraftur námsins er forvitni, áhugi, virkni og gleði. Rík áhersla er lögð á fjölbreytt, opið og raunverulegt námsumhverfi sem styður við þroska og áhugahvöt barnsins.

Viðurkennandi samskipti eru grundvallaratriði í hugsmíðahyggju. Í því felst að virðing er borin fyrir barninu og bernskunni. Hugmyndir barna eru virtar og kennarar takmarka vald sitt og stýringu.

Rík áhersla er lögð á sjálfshjálp og virka þátttöku barnanna í daglegum athöfnum og leik. Kennarinn lítur á ágreining í barnahópum sem tækifæri til að efla félags- og siðgæðisvitund barnanna og leiðbeina þeim um að finna lausn á vandamálum er koma upp hverju sinni.

Kjarni hugtaksins sjálfræði er sú skynjun barnsins að það hafi ákveðið vald til að taka ákvarðanir um vissa þætti í eigin lífi. Sjálfræði byggist upp innra með barninu og einungis í gegnum samvinnu við hina fullorðnu. Barnið þarf að fá tækifæri til þess að æfa sig sjálf og læra af mistökum og sigrum. Þegar það finnur að því er treyst tekur það frekar ábyrgð á eigin hegðun. Barnið þróar þannig með sér sjálfstæða dómgreind og siðferðiskennd. Dæmi um sjálfræði er þegar barn fer í vettlinga til þess að verða ekki kalt en ekki vegna kröfu frá kennaranum.

Nám án aðgreiningar er haft að leiðarljósi í leikskólastarfinu. Í því felst að komið er til móts við þarfir sérhvers einstaklings og jafnræðis gætt í starfi með börnunum.

Samkvæmt hugsmíðahyggjunni læra börn best með því að framkvæma upp á eigin spýtur, í raunverulegum aðstæðum og með raunverulega hluti. Hlutverk kennarans er mikilvægt í þessu sambandi og felst í því að vera styðjandi við nemendur, hvetja þá og leiðbeina við námið. Kennarinn skal sjá til þess að börnin fái nægan tíma og rými til að leika sér, þróa leikinn og dýpka hann.



## 1.2 Samsetning starfsmannahópsins

Í Kirkjugerði starfa 35 starfsmenn í tæpum 26 stöðugildum. Af þeim eru átta með leyfisbréf til kennslu, einn starfsmaður er með B-ed í leikskólakennarafræðum og einn starfsmaður er með aðra háskólamenntun. Einn nemi í leikskólakennarafræðum starfar í Kirkjugerði. Af þessum 35 starfsmönnum eru 5 starfsmenn í fæðingarorlofi.

Tveir starfsmenn eru ráðnir í hlutastörf sem stuðningur við börn með sérþarfir á deildum og tveir starfsmenn skipta með sér 1.12 stöðugildi í eldhúsi.

Leiðbeinendur eru 16 og margir þeirra með áralanga reynslu af leikskólastarfi.

## 1.3 Börn með sérstuðning

Þrjú nemendur eru með sérstuðning, samtals 9 tíma á dag. Hvað varðar málörvun eru 22 börn í auka þjálfun vegna málþroskafrávika, framburðarerfiðleika eða tvítýngis. Þau börn eru ýmist komin með greiningar, eru í ferli eða fá auka málörvun vegna tvítýngis.

Í janúar var ráðið í 80% stöðu sérkennslustjóra. Þetta er ný staða og var mikil þörf slíkrri stöðu í skólanum. Sérkennslustjóri heldur utan um öll mál er varða sérkennslu. Síðastliðið skólaár sá var sérkennslustjóri einnig með í teymi sem hélt utan um þróunarverkefnið „Snemmtæk íhlutun í máli og læsi“.

Sérkennsluráðgjafi Vestmannaeyjabæjar kemur í skólann eftir þörfum og veitir starfsmönnum ráðgjöf varðandi sérkennslubörn. Auk þess eru fleiri fagaðilar sem koma að ráðgjöf og greiningum leikskólabarna og hefur skólinn aðgang að sérfræðiþjónustu Vestmannaeyjabæjar. Þar starfa ráðgjafaproskajálfari, sálfræðingur, félagsráðgjafar og auk þess er aðkeypt þjónusta talmeinafræðings. Með öflugum stuðningi og þjálfun í leikskóla minnkum við líkur á að börn eigi við alvarlega námsörðuleika að etja í grunnskóla.

## 2. Leiðarljós skólans

Í Kirkjugerði leggjum við áherslu á:

- Að börn fái tækifæri til að læra í gengum leik og eigin upplifanir.
- Að börn séu virkir þátttakendur í eigin þekkingarleit.
- Að börn séu félagslega sterkir einstaklingar.

### Einkunnarorð skólans eru:

**Jákvæður agi:** Jákvæður agi felur í sér að setja barninu skýr mörk og einfaldar fáar reglur sem barnið á auðvelt með að fara eftir. Það felur í sér að barnið finnur til öryggiskenndar þegar það veit mörkin og finnur að hinn fullorðni ber umhyggju fyrir velferð þess. Jákvæður agi styður við að barnið læri smá saman eftir þroska og aldri sjálfsaga sem öllum er mikilvægur til að takast á við mótlæti og erfiðleika. Jákvæður agi kennir barninu þá félagsfærni að sýna náunganum tillitsemi en eflir það jafnframt til sjálfræðis og að standa við eigin sannfæringu.

**Gleði:** Börnin í leikskólanum Kirkjugerði eiga að njóta leikskóladvalar sinn í styðjandi leikskólaumhverfi sem einkennist af gagnkvæmri virðingu barna og fullorðinna og viðurkennandi samskiptum. En í slíku umhverfi er litið á börn sem sterka og hæfa einstaklinga og hafa leikskólakennarar trú á getu þeirra. Báðir aðilar sjá hvorn annan sem jafngilda einstaklinga með það að markmiði að barnið verði meðvitaðara um eigin getu, sjálfstæðara og umburðalyndara. Til þess verður barnið að fá frelsi til eigin hugsana og tilfinninga og að reyna hæfni sína við fjölbreytt viðfangsefni. Skapa á aðstæður þannig að börnin geti hjálpað sér sem mest sjálf og valið sér viðfangsefni eftir áhugahvöt hverju sinni. Kennarinn á að styðja við áhugahvöt barnsins og athafnagleði sem er drifkraftur barnsins í eigin þekkingarleit og eflingu sjálfstæðis.

**Félagsfærni:** Félagsfærni er lærð hegðun þar sem hinn fullorðni er börnum mikilvægasta fyrirmyndin . Börn læra yrta og óyrta félagslega hegðun með því að fylgjast með því hvernig fullorðnir haga sér. Það að búa yfir góðri félagsfærni og vera flinkur í mannlegum samskiptum er mikilvægur mannlegur kostur. Með því að efla ábyrgð barna og gera þau meðvitaðri um gildi jákvæðra og uppbyggilegra samskipta sín á milli, styrkjum við félagslega hæfni þeirra sem eykur lífsgæði þeirra til engri tíma.

### *3.Skólaárið 2022-2023.*

Unnið var samkvæmt starfsáætlun og stefnu skólans þar sem nám, vellíðan og farsæld nemenda og kennara var höfð að leiðarljósi.

Áherslan var á þróunarverkefnið „ Snemmtæka íhlutun“ og voru allir starfsmenn þátttakendur í því verkefni. Handbók skólans var tilbúin snemma sumars og að því tilefni var haldið útgáfuhóf ásamt öðrum skólum í Vestmannaeyjum. Fyrsti skipulagsdagur skólans þann 22. ágúst var því tileinkaður nýju handbókinni okkar þar sem farið var yfir hvernig kennarar ætla að nýta bókina í kennslu í vetur og hvernig nýir kennarar geta nýtt sér hana að leiðarljósi. Eins var handbókin kynnt á fundi fyrir foreldra þar sem foreldrum gafst kostur á að skoða bókina og koma með spurningar.

Unnið var að venju úr umbótaáætlun síðast árs og náðu kennarar gera úrbætur á allflestu sem þar kom fram. Má þar meðal annars nefna að bæta þurfti verulega geymsluaðstöðu fyrir persónuupplýsingar. Komnar eru læstar hirslur fyrir allar persónuupplýsingar sem einungis sérkennslu- og skólastjórar hafa aðgang að. Deildarstjórar hafa svo aðgang að hirslum er varða þeirra nemendur.

Ákveðið var að vinna markvisst með heimamenningu nemenda af erlendum uppruna. Við vorum með pólskumælandi kennara sem fór á milli deilda og var með lesstundir á pólsku fyrir pólskumælandi nemendur. Einnig voru hengdir upp í fataherbergjum fánar þeirra nemenda sem eru af erlendum uppruna, sem og setningin „Góðan daginn“ á þeirra tungumáli.

Áhersla var lögð á að nemendur hefðu meira að segja um eigið nám og námsmat. Aukin var skráning á námi og stöðu nemenda. Nýta má betur námsameið í Floorbooks, hlusta betur á hugmyndir nemenda í Floorbooks vinnunni og fylgja betur heftir þeirra hugmyndum.

Námsmatið er nú komið í allar bækur og námið orðið barnmiðaðra.

Bæta þurfti hljóðvist í sérkennslu, stöðu kennara til undirbúning og trúnaðarsamtala á skrifstofu. Því var tekið á það ráð að færa til sérkennslurýmið, skrifstofuna og undirbúningsaðstöðu og kemur það mjög vel út þó svo að hljóðvistin sé nærri ekki nógu góð.




Nokkrar endurbætur voru gerðar á leikfangakosti skólans og áhersla lögð á að kaupa inn leikföng sem eru sérstaklega ætluð yngstu nemendunum sem og kubba sem bjóða uppá fjölbreyttar útfærslur.

Að auki var mat á vinnu með floorbooks aukið með það að leiðarljósi að passa upp á að kennarar kæmu inn á alla grunnþætti menntunar í floorbooksvinnu með hópinn sinn. Nú er það regla að kennarar fylla út skráningablöð þar sem þeir lýsa í hvaða tilviki þeir komi inn á ákveðna grunnþætti menntunar. Á skipulagsdegi að hausti fóru kennarar í floorbooks tíma þar sem þeir bjuggu til hugakort og unnu samkvæmt því. Með því móti fengu nýir kennarar tilfinninguna fyrir hvernig best væri að nálgast þessa frábæru námsleið.

Skólaláupsinn sendi út foreldrakönnun fyrir hönd skólans í mars 2023. Þátttakan var góð og tölverð aukning (6%) var á ánægju foreldra með skólann frá síðustu mælingu sem var á sama tíma árið 2021.

Allir foreldrar voru „mjög ánægðir“ eða „nokkuð ánægðir“ með þann stuðning og hvatningu sem barnið þeirra fær í skólanum sem og þau úrræði sem notuð eru þegar upp koma vandamál eða hegðunarvandamál hjá


1.2. Ánægja foreldra með stjórnun – Ársmeðaltöl



barniðnu þeirra.

Ánægja foreldra með stjórnun skólans hafði einnig aukist (14%) og eru allir þessir þættir töluvert yfir landsmeðaltali.

1.1. Ánægja með leikskólann – Ársmeðaltöl




Allir foreldrar voru „mjög ánægðir“ eða „nokkuð ánægðir“ með það hvernig barninu þeirra væri mætt í skólanum og töldu kennara hæfa og metnaðarfulla fyrir starfinu sínu.

41 % aukin ánægja var á hvatningu til þátttöku í leikskólastarfinu sem var vel sjáanleg innan veggja skólans þar sem mikil og góð þátttaka foreldra var á öllum viðburðum og fundum á vegnum skólans síðasta skólaár.

Annað sem foreldrar voru sérstaklega ánægðir með var meðal annars:


3.4. Hvatning til þátttöku í leikskólastarfinu – Ársmeðaltöl




- Nýja útilóðin fyrir yngstu nemendurna okkar
- Góð samskipti við stjórnendur og kennara
- Hversu ánægð börnin þeirra eru í skólanum
- Rólegt og gott námsumhverfi
- Gott upplýsingaflæði
- Sjálfstyrking barnanna
- Ánægja með stefnuna og námsefnið

Í foreldrakönnuninni kom einnig í ljós óánægja foreldra með húsnæði og aðstöðu (-12,2%) og sérþarfir og hollusta í matarræði (- 5,8 %)

1.6. Ánægja með húsnæði og aðstöðu – Ársmeðaltöl



1.4. Sérþarfir í matarræði – Ársmeðaltöl



Í mars var verkfræðiskrifstofan Mannvit fengin til þess að taka út skólabygginguna að ósk skólastjórnenda. Töluverðar umbætur þurfti að gera í kjölfar þess er skýrslan kom út. Í vetur fóru elstu nemendurnir í Víkina leikskóladeild við Hamarskóla á meðan skipt var um hluta af gólfefni á þeirra deild. Í sumar var svo farið í miklar framkvæmdir við skólann þar sem skipt var um þak á tveimur elstu deildunum og skipt var um vesturhlið þessara deilda.



Einnig var skipt um gólfdukk, innihurðar og deildarnar málaðar.

Á vormánuðum fóru stjórnendur í að taka árleg lögbundin starfsmannaviðtöl. Viðtölin gengu vel og niðurstaða þeirra viðtala var almenn ánægja kennara. Farið var yfir óskir kennara fyrir næsta skólaár, með hvaða aldri kennarar vildu vinna, sérverkefni, starfsánægju og annað.

## *4. Starfsemi á næsta skólaári.*

### *4.1 Skóladagatal.*

Uppbrot í skóladagatali skólaársins 2023-2024 einkennist af menningarbundnum hefðum og hefðum í skólalastarfinu s.s. útskriftarferð, útskrift og vorsýningu. Samstarf við Víkina, Hraunbúðir, foreldrafélagið og Landakirkju.

Skipulagsdögum skólans verður dreift á skólaárið og fara starfsdagar fram á dagvinnutíma eins og síðasta skólaár.

Leikskólinn verður lokaður milli jóla og nýárs en foreldrar sem nauðsynlega þurfa vistun fyrir börnin sín vegna vinnu fá hana.

Skóladagatalið er aftast í þessa starfsáætlun. Í því kemur fram hefðir í skólalastarfinu og starfsdagar leikskólans.

### *4.2 Faglegar áherslur í leikskólalastarfinu.*

Við munum halda áfram að dýpka okkur í þeim áherslum sem koma fram í skólanámskrá leikskólans.

Á öllum deildum verður áfram unnið með málörvunarefnið Lubbi finnur málbein. En það námsefni býður upp á nýja framsetning á íslensku máhljóðunum og leggur góðan grunn að lestarnámi auk þess sem það stuðlar að betri orðaforða og ýtir undir skýrari framburð hjá börnum.

Handbókinn okkar „Snemmtæk íhlutun í mál og læsi“ verður rauði þráðurinn í gengum faglega starfið hjá okkur í vetur. Kennarar þurfa að temja sér að vinna okkar flotta starf með bókina að leiðarljósi.

Hópastarf fer fram daglega þar sem viðfangsefnin eru mismunandi eftir aldri og áhugasviði hvers hóps. Lögð verður sérstök áhersla á málörvunarstundir og fylgja þær allar ákveðju formi sem síðan er aðlagð að hverjum aldurshóp fyrir sig.





Allar deildir munu nota Floorbooks (samvinnunámsbók) aðferðina í hópstarfi. Floorbooks aðferðarfræðin hvetur barnið til að vera virkur þátttakandi í eigin þekkingarleit. Drifkraftur þekkingarleitarinnar er forvitni og leikur barnsins. Barnið er hvatt til að ígrunda, skrá og skipuleggja viðfangsefnið hverju sinni og hafa áhrif á eigin námsframvindu.

Samræmt dagskipulag deilda þar sem ríkari áhersla verður á að skipta barnahópnum upp í smærri hópa, stuðla að auknu sjálfræði og lýðræði barna í skólastarfinu og jafnrétti barna til náms óháð aldri, verður áfram þungamiðja leikskóladagsins.

Haustið 2020 fóru fimm leikskólakennarar á réttindanámskeið TRAS sem er skráningaraðferð til notkunar fyrir leikskólakennara til að fylgjast með málhegðun og málþróun tveggja til fimm ára barna. Í vetur munu þrír kennarar til viðbótar bætast í hópinn.

Tvisvar á ári fer fram skráning á málhegðun og málþróun hjá öllum nemendum skólans sem eru tveggja ára og eldri. Fyrri skráningin fer fram í afmælistánuði barnsins og sú seinni sex mánuðum síðar. Í kjölfar niðurstaðna úr skráningu eru foreldrar boðaðir í viðtal og farið er yfir niðurstöður með foreldrum. Í þeim tilfellum sem aðgerða er þörf er gerð tveggja mánaða einstaklingsnámskrá fyrir barnið sem unnið er með bæði heima og í leikskólanum.

Við skráningu sex mánuðum síðar er farið yfir hvort þurfi að gera frekari áætlanir um skimanir eða tilvísanir til annara sérfræðinga til að ýta undir þroska barnsins.

#### *4.3 Samstarf við nærsamfélagið.*

Kirkjugerði er í samstarfi við ýmsa aðila í nærsamfélaginu.

Elstu tveir árgangarnir fara í heimsókn á Hraunbúðir, dvalaheimili aldraða, nokkrum sinnum í mánuði og eiga góðar stundir með þeim sem þar búa.

Elsti árgangurinn fer í heimsókn í Víkina á vormánuðum. Þar fá nemendur að hitta kennarana sína fyrir næsta skólaár, skoða skólann og námsgögn.

Prestar Landakirkju koma einu sinni í mánuði og eru með samverustund fyrir nemendur.



#### 4.4 Uppákomur í leikskólastarfinu.

Börnin í Kirkjugerði fara í heimsókn í Landakirkju í desember. Þessi ferð er ávallt mjög mikið tilhlökkunarefni því alltaf er farið með rútu í þessar ferðir og eftir heimsóknina í kirkjuna er tekinn smá rúntur um bæinn.

Einsi Kaldi leggur sitt af mörkum til að skapa jólaandann í leikskólanum og býður upp á purusteik í hádeginu einn dag í desember.

Jólaballið með heimsókn frá jólasveininum er fastur liður í desember.

23. janúar fara elstu börnin í heimsókn í Eldheima til að fræðast um eldgosið á Heimaey.

4. febrúar er degi leikskólans fagnað með því að bjóða foreldrum í kaffi í skólanum.

Haldið eru upp á bolludag og sprengidag með því að borða bollur og saltkjöt og baunir. Á öskudaginn koma börn og starfsmenn í grímubúningum í leikskólann og kötturinn er sleginn úr tunnunni og síðan skemmta sér allir saman við dans í salnum.



Í Kirkjugerði er barnið í brennidepli á afmælisdaginn sinn. Þann dag býður barnið upp á ávexti sem það velur úr eldhúsinu, það er hefð fyrir að flagga íslenska fánanum við útidyr viðkomandi deildar á afmælisdegi barnanna og fá afmælisbörnin að velja sér ákveðin borðbúnað til að matast af í hádegismatnum á afmælisdaginn. Afmælisbarnið fær kórónu og fallett kort frá deildinni sinni á afmælisdaginn.

Mánaðarlega fer einnig fram Fagnaðarfundur í sal. Þar skiptast deildir á að vera með uppákomur og að stjórna sameiginlegri söngstund.

#### 4.5 Foreldrasamstarf

Í leikskólanum er starfrækt foreldraráð og foreldrafélag. Hlutverk foreldraráðs er að:

- Gefa umsagnir til leikskóla og leikskólanefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir er varða starfsemi leikskólans
- Fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum

- Hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi

Hlutverk foreldrafélagsins er hins vegar að:

- Að styðja við skólastarfið
- Stuðla að velferð nemenda skólans
- Efla tengsl heimilis og skóla
- Hvetja til virkrar þátttöku foreldra í skólastarfi
- Hagsmunagæsla, aðhald og eftirlit með skólastarfinu

Samstarf við foreldra fer að mestu fram með daglegum samskiptum þegar þeir koma með eða sækja börnin sín. Deildarstjórar senda vikulega pósta með myndum úr starfinu á foreldra þar sem þeir segja frá hvernig hefur gengið þá vikuna og hvað sé fram undan. Einnig er skrifað á upplýsingatöflu í fataklefa hvað var gert yfir daginn.



Við upphaf leikskólagöngu barnsins fara foreldrar í ýtarlegt viðtal við deildarstjóra á þeirri deild sem barnið byrjar á.

Eins og hefur komið fram í kaflanum um faglegar áherslur eru foreldraviðtöl einu sinni á ári í kjölfar TRAS skráningar.

Jafnframt geta foreldrar eða deildastjórar ávallt óskað eftir foreldrafundi ef eitthvað er varðar þroska framvindu eða líðan barnsins í leikskólanum.

Almennur foreldrafundur er haldinn í október og þar er foreldrum kynntar faglegar áherslur í skólastarfinu, starfsaðferðir, hefðir og venjur.

## *5. Matsáætlun skólaárið 2023-2024*

<b>Yfirmatsþáttur</b>	<b>Undirmatsþáttur</b>	<b>Matsaðferð</b>	<b>Hvenær metið</b>	<b>Hverjir framkvæma</b>	<b>Hvað gert við niðurstöður matsins</b>
<b>Stjórnun</b>	<b>Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi</b>	<b>Starfsmannakönnun skólapúlsins</b>	<b>Vorönn 2024</b>	<b>Allir starfsmenn</b>	<b>Birtar á heimasíðu leikskólans og nýttar í umbótaáætlun skólaársins 2024-2025</b>
	<b>Stjórnun skólans og faglegur rekstur</b>	<b>Starfsmannakönnun skólapúlsins</b>	<b>Vorönn 2024</b>	<b>Allir starfsmenn</b>	<b>Birtar á heimasíðu leikskólans og nýttar í umbótaáætlun skólaársins 2024-2025. Verkferlagerð, endurbætur á ýmsum áætlunum leikskólans eftir efni og ástæðum. Úrbætur á húsnæði og eða leikfangakosti ef þarf.</b>
	<b>Faglegt samstarf</b>	<b>Starfsmannakönnun skólapúlsins</b>	<b>Vorönn 2024</b>	<b>Allir starfsmenn</b>	<b>Birtar á heimasíðu leikskólans og nýttar í umbótaáætlun skólaársins 2024-2025 Verkferlagerð, endurbætur á ýmsum áætlunum leikskólans eftir efni og ástæðum. Úrbætur á húsnæði og eða leikfangakosti ef þarf.</b>

<i>Yfirmatspáttur</i>	<i>Undirmatspáttur</i>	<i>Matsaðferð</i>	<i>Hvenær metið</i>	<i>Hverjir framkvæma</i>	<i>Hvað gert við niðurstöður matsins</i>
<i>Stjórnun</i>	<i>Leikskólapróun og starfspróun</i>	<i>Starfsmannakönnun skólapúlsins</i>	<i>Vorönn 2024</i>	<i>Deildastjórar</i>	<i>Birtar á heimasíðu leikskólans og nýttar í umbótaáætlun skólaársins 2024-2025. Verkferlagerð, endurbætur á ýmsum áætlunum leikskólans eftir efni og ástæðum. Úrbætur á húsnæði og eða leikfangakosti ef þarf.</i>
	<i>Skólanámskrá, starfsáætlun, umbótaáætlun og verklagsreglur</i>	<i>Starfsmannakönnun skólapúlsins</i>	<i>Vorönn 2024</i>	<i>Allt starfsfólk</i>	<i>Birtar á heimasíðu leikskólans og nýttar í umbótaáætlun skólaársins 2024-2025. Verkferlagerð, endurbætur á ýmsum áætlunum leikskólans eftir efni og ástæðum. Úrbætur á húsnæði og eða leikfangakosti ef þarf.</i>
<i>Uppeldis og menntunarstarf</i>	<i>Skipulag náms og námsaðstæður</i>	<i>Tekið fyrir í starfsmannasamtölum og á skipulagsdögum</i>	<i>Vorönn 2024</i>	<i>Allt starfsfólk</i>	<i>Birtar á heimasíðu leikskólans og nýttar í umbótaáætlun skólaársins 2024-2025. Verkferlagerð, endurbætur á ýmsum áætlunum leikskólans eftir efni og ástæðum. Úrbætur á húsnæði og eða leikfangakosti ef þarf.</i>

<i>Yfirmatsþáttur</i>	<i>Undirmatsþáttur</i>	<i>Matsaðferð</i>	<i>Hvenær metið</i>	<i>Hverjir framkvæma</i>	<i>Hvað gert við niðurstöður matsins</i>
<i>Uppeldi og menntun</i>	<i>Uppeldi, menntun og starfshættir</i>	<i>Tekið fyrir í starfsmannasamtölum og á skipulagsdögum</i>	<i>Vorönn 2024</i>	<i>Allir starfsmenn</i>	<i>Birtar á heimasíðu leikskólans og nýttar í umbótaáætlun skólaársins 2024-2025. Verkferlagerð, endurbætur á ýmsum áætlunum leikskólans eftir efni og ástæðum. Úrbætur á húsnæði og eða</i>
<i>Námssvið leikskólans</i>	<i>Mat á námi og velferð barna</i>	<i>Skráningar, Tras og námsáætlanir</i>	<i>Vorönn 2024</i>	<i>Deildastjórar</i>	<i>Birtar á heimasíðu leikskólans og nýttar í umbótaáætlun skólaársins 2024-2025. Verkferlagerð, endurbætur á ýmsum áætlunum leikskólans eftir efni og ástæðum. Úrbætur á húsnæði og eða</i>
<i>Mannauður</i>	<i>Hlutverk leikskólakennara</i>	<i>Starfsmannakönnun skólapúlsins, tekið fyrir í starfsmannasamtölum</i>	<i>Vorönn 2024</i>	<i>Skólapúlsinn Stjórnendur</i>	<i>Birtar á heimasíðu leikskólans og nýttar í umbótaáætlun skólaársins 2024-2025. Verkferlagerð, endurbætur á ýmsum áætlunum leikskólans eftir efni og ástæðum. Úrbætur á húsnæði og eða leikfangakosti ef þarf.</i>
	<i>Fagmennska starfsfólks</i>	<i>Starfsmannakönnun skólapúlsins, tekið fyrir í starfsmannasamtölum</i>	<i>Vorönn 2024</i>	<i>Skólapúlsinn Stjórnendur</i>	<i>Birtar á heimasíðu leikskólans og nýttar í umbótaáætlun skólaársins 2024-2025. Verkferlagerð, endurbætur á ýmsum áætlunum leikskólans eftir efni og ástæðum</i>

<i>Yfirmatspáttur</i>	<i>Undirmatspáttur</i>	<i>Matsaðferð</i>	<i>Hvenær metið</i>	<i>Hverjir framkvæma</i>	<i>Hvað gert við niðurstöður matsins</i>
<i>Mannauður</i>	<i>Starfsánægja</i>	<i>Starfsmannakönnun skólupólisins</i>	<i>Vorönn 2024</i>	<i>Allir starfsmenn</i>	<i>Birtar á heimasíðu leikskólans og nýttar í umbótaráætlun skólaársins 2024-2025. Verkferlagerð, endurbætur á ýmsum áætlunum leikskólans eftir efni og ástæðum</i>



## 6. Umbótaráætlun skólaárið 2023-2024

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat: Hvenær, hvernig	Viðmið um árangur
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur.	Að bæta þátttöku allra kennara í áætlunum og verklagsreglum	Að deildarstjórar skili inn áætlunum og mati fyrir sína deild sem unnin er með öllu starfsfólki deildarinnar	Skólaárið 2023-2024	Stjórnendateymi	Vor 2024	Þekking og þátttaka allra kennara á málefnum
Skerpa á öryggis- og rýmingaráætlunum	Að kennarar þekki sinn stað ef til þess kæmi að rýma þyrfti skólann	Stjórnendur haldi æfingu á starfsmannafundi og fari yfir öryggisáætlanir	Skólaárið 2023-2024	Stjórnendur	Vor 2024	Allir þekkjast rýmingar- og öryggis áætlanir

<i>Umbótaþættir</i>	<i>Markmið með umbótum</i>	<i>Aðgerðir til umbóta</i>	<i>Tímaáætlun</i>	<i>Ábyrgðaraðili/ar</i>	<i>Endurmat: Hvenær, hvernig</i>	<i>Viðmið um árangur</i>
<i>Uppeldi, menntun og starfshættir</i>	<i>Að allir kennarar gripi tækifæri til náms í frjálsum leik</i>	<i>Dreifja kennurum betur um rýmið svo þeir nái betur að fylgjast með frjálsa leiknum</i>	<i>Haut 2023</i>	<i>Allir starfsmenn</i>	<i>Vor 2024</i>	<i>Sýnilegur árangur á deildum</i>
<i>Leikur og nám-lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna</i>	<i>Að nemendur fái tækifæri til þess að hafa áhrif á eigið nám</i>	<i>Útbúa matsblöð fyrir nemendur, nota myndir fyrir yngsta árganginn</i>	<i>Skólaárið 2023-2024</i>	<i>Allt starfsfólk</i>	<i>Vor 2024</i>	<i>Börn sýna meira sjálfræði í skólanum</i>

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat: Hvenær, hvernig	Viðmið um árangur
Velferð og líðan barna	Að kennarar bregðist á sambærilegan hátt við krefjandi hegðun nemenda	Fá fyrirlestur um hvernig best sé að bregðast við. Verkferlar sameinaðir á starfsmannafundi	Vor2024	Stjórnendur	Vor 2024	Sýnilegur árangur á deildum
Skipulag og viðfangsefni	Að kennarar ígrundi og meti starf sitt	Tekið fyrir í starfsmannasamtöllum Skólastjóri býr til lista og kennarar skila inn í viðtalinu	Skólaárið 2023-2024	Stjórnendur	Vor 2024	Farið yfir listann og skoðað með kennurum hvernig þeir meta starf sitt

<i>Umbótaþættir</i>	<i>Markmið með umbótum</i>	<i>Aðgerðir til umbóta</i>	<i>Tímisáætlun</i>	<i>Ábyrgðaraðili/ar</i>	<i>Endurmat: Hvenær, hvernig</i>	<i>Viðmið um árangur</i>
<i>Gagnaöflun og vinnubrögð</i>	<i>Að allir taki þátt í mati</i>	<i>Búa til lista. Hafa ákveðið verkefni fyrir hvern og einn</i>	<i>Skólaárið 2023-2024</i>	<i>Stjórnendateymi</i>	<i>Vor 2023</i>	<i>Að raddir barna, forráðamanna og kennara komi fram í starfsáætlun</i>





Vestmannaeyjar 5. október 2023

## Efni: Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun Kirkjugarðis skólaárið 2023-2024.

Starfsáætlun Kirkjugarðis var lesin og metin í byrjun október 2023 af formanni foreldraráðs Kirkjugarðis. Það er mat ráðsins að starfsáætlunin og umbótaáætlun séu metnaðarfullar og vel hafi verið unnið með markmið og stefnu leikskólans síðastliðið skólaár og þetta skólaár verði ekki síðra. Greinilega er tekið tillit til þeirra athugasemda sem starfsfólk og foreldrar hafa sem stjórnendur hafa bein áhrif á.

Ábendingar:

- Að skólinn setji sér markmið að kynna fyrir foreldrum niðurstöður kannanna sem settar eru fyrir þá, til dæmis skólapúlsinn. Hvort sem það væri gert með fundi eða einföldum tölfræðiupplýsingum á vefsíðu skólans. (Þessi þáttur kemur fram í matsáætlun og er settur hér fram til ítrekunar frá foreldrum svo staðið sé við þetta markmið).
- Að vefsíða skólans sé kynnt betur foreldrum, til dæmis að hægt sé að nálgast ýmsar áætlanir og skýrslur um starf leikskólans. Einfalt væri að nefna þessa þætti á fyrsta foreldrafundi þegar barn hefur skólagöngu sína. Ég tel að fæstir foreldrar viti að þessar skýrslur séu til og geta þær gefið góða innsýn inn í starfsemi leikskólans.

F.h. Foreldraráð Kirkjugarðis

Björg Þórðardóttir formaður foreldraráðs

---

*Björg Þórðardóttir*

*F.H Foreldraráðs*

---

*Eyja Bryngeirsdóttir*

*Skólastjóri Kirkjugerðis*